



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

15. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 26. febrúar 2024 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Umræða um nýtt áhaldahús fyrir sveitarfélagið

Í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árin 2024-2027 er gert ráð fyrir nýju áhaldahúsi fyrir sveitarfélagið.

Framkvæmda- og veitunefnd telur nauðsynlegt að hefja vinnu við þarfagreiningu nýs áhaldahúss sem allra fyrst. Umræða um hvort skipa eigi sérstaka nefnd um verkefnið eða halda því innan framkvæmda- og veitunefndar. Jafnframt rætt um að skoða önnur áhaldahús í nágrenninu, s.s. á Sólheimum.

2. Tilboð vegna endurnýjunar gervigrass

Fyrir liggja tilboð frá Altis og Leiktækjum & Sport í lagningu nýs gervigrass á skólalóð Kerhólsskóla. Altis gaf tilboð í tvenns konar gerðir af grasi og Leiktæki & Sport gaf einnig tilboð í tvenns konar gerðir af grasi. Fyrirtækin hafa bæði nýverið endurnýjað gervigras í Reykholti annars vegar og á Laugarvatni hins vegar.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að Steinar Sigurjónsson fari í vettvangsferð á Laugarvatn og í Reykholt og leggi mat á hvor tegundin myndi henta betur á sparkvöllinn á skólalóð Kerhólsskóla.

3. Viðbygging íþróttamiðstöðvar

Fyrir liggja drög að samningi við Verkís um byggingarstjóra viðbyggingar við íþróttahús á Borg. *Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við samninginn.*



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Rannsóknarleyfi vegna Kaldárhöfða

Verið er að óska eftir rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar kaldvatnsöflunar úr landi Kaldárhöfða. Fyrir liggur greinargerð ÍSOR sem lögð er fram í tengslum við umsóknina.

Lagt fram til kynningar.

5. Vesturbyggð

a. Lóðarblöð Vesturbyggð

Fyrir liggja lóðarblöð vegna nýrra lóða í 1. áfanga vesturbyggðar Borgarsvæðisins.

Lagt fram til kynningar.

b. Uppfærðar teikningar vegna gatnagerðar

Fyrir liggja uppfærðar teikningar vegna gatnagerðar í 1. áfanga vesturbyggðar Borgarsvæðisins.

Lagt fram til kynningar.

c. Framvinda verks

Fyrir liggur framvinduskýrsla nr. 2 vegna gatnagerðar í 1. áfanga vesturbyggðar Borgarsvæðisins.

Lagt fram til kynningar.

6. Fundargerð dags. 09.02.2024 af fundi um hönnun á skólalóð

Lögð er fram fundargerð dags. 9.2.2024 af fundi Steinars Sigurjónssonar og Ragnars Guðmundssonar með Hermanni Ólafssyni, hönnuði hjá Landhönnun.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Heitavatnsöflun í Vaðnesi

Fyrir liggur borskýrsla vegna borunar nýrrar vinnsluholu í Vaðnesi.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

8. Vatnsveita að Hlauphólum

Fyrir liggja gögn vegna verðfyrirspurnar á vatnslögn að Hlauphólum.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við gögnin.

9. Gjaldskrár veitna - umræða

Umræða um gjaldskrár veitna.

Framkvæmda- og veitunefnd telur að uppfæra þurfi gjaldskrár veitna sveitarfélagsins í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu á miðsvæði. Ragnari Guðmundssyni falið að skoða málið nánar og koma með tillögu að gjaldskrárbreytingum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:15